

Veitur ohf.  
Bæjarháls  
110 Reykjavík

Reykjavík, 17. apríl 2023  
UST202303-136/P.V.B.  
09.04.00

### **Efni: Leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Veitur ohf., dagsett 13. mars 2023, um leyfi til framkvæmda innan Andakíll.

Andakíll er friðlýst sem búsvæði fugla sbr. [auglýsing nr. 338/2011](#). Allt rask á jarðmyndunum, þ.m.t. hvers konar áletranir, er óheimilt á verndarsvæðinu. Allar framkvæmdir, svo sem nýbyggingar, þar með talið skýli fyrir skepnur og tilheyrandi aðkomuleiðir, eru háðar samþykktu skipulagi hverju sinni. Hefðbundnar landbúnaðarnytjar haldast svo sem verið hefur. Heimilt er að halda við framræsluskurðum á svæðinu þó þannig að núverandi grunnvatnsstaða verndaðs votlendis lækki ekki, en óheimilt að grafa nýja skurði utan þeirra svæða sem merkt eru landbúnaðarsvæði á kortinu. Leyfi Umhverfisstofnunar og Borgarbyggðar þarf til framkvæmda á hinu friðlýsta svæði þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum.

### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi fyrir lagningu vatnsveitulagna frá Odda og að svokölluðu athafnasvæði á Hvanneyri. Hitaveitulagnir verða lagðar frá búvélasafninu og að athafnasvæðinu á Hvanneyri. Fráveita verður líklegast lögð á stuttum kafla við athafnasvæðið. Lagnir munu fylgja Ásvegi en fara svo út í Túngötu og fylgja henni. Teikningar sem sýna lagnaleiðina og mörk framkvæmdarsvæðis fylgdi með umsókn. Staðsetning og nánari fyrirkomulag heimæða og tenginga við núverandi lagnir verða unnar samkvæmt fyrirmælum umsjónarmanns/fageftirlits sem mun ákveða slíkt í ljósi þess sem kemur fram við uppgröft. Framkvæmdartími er áætlaður að taki 5-6 mánuði og væri farið í framkvæmdina vor og sumar 2023.

### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúru eða verndargildi svæðisins til lengri tíma litið. Lagnaleiðinn liggur meðfram vegum á áður röskuðu svæði eða innan íbúðabyggðar. Til skammst tíma verður eitthvað rask tengt framkvæmdinni og íbúar geta orðið fyrir truflunum en stofnunin metur að hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar sé farið eftir skilyrðum leyfisins.

### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Veitur ohf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdum innan friðaða svæðisins Andakíll sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið ár frá dagsetningu þessa bréfs að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**

- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Forðast skal óparfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Þess skal gætt að framkvæmdirnar séu í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Vanda skal frágang að verki loknu.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Einungis skal aka vinnuvélum vegna framkvæmdarinnar að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og sveitarfélags þarf fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

**Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. **76.000.** sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 206/2023.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir  
**sviðsstjóri**

Þórhildur María Kristinsdóttir  
**svæðissérfræðingur**